

SAMPYKKT

fyrir veiðifélag Svarfaðardalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Svarfaðardalsár. Heimili þess og varnarþing er í Dalvíkurbyggð.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Svarfaðardalsár. Sjá meðfylgjandi lista:

Atlastaðir	Hóll	Skáldalækur
Árgerði	Hrafnsstaðakot	Skeið
Bakki	Hrafnsstaðir	Steindyr
Brautarhóll	Hrafnsstaðir	Syðra-Garðshorn
Búrfell	Hrafnsstaðir	Syðra-Holt
Böggvisstaðir	Hreiðarsstaðakot	Syðra-Hvarf & Hjaltast.
Dalvík	Hreiðarsstaðir	Syðri-Grund
Dæli	Hrísar	Sæla
Grund	Hæringsstaðir	Tjörn
Gröf	Ingvarir	Tungufell
Göngustaðakot	Klaufabrekknakot	Urðir
Göngustaðir	Klaufabrekkur	Vellir
Háls	Klængshóll	Víðihólmi
Hánefsstaðir	Kot	Ytra-Garðshorn
Helgafell	Kónsstaðir	Ytra-Holt
Hlíð	Másstaðir	Ytra-Hvarf
Hnjúkur	Melar	Þorsteinsstaðir
Hof	Sakka	Þverá
Hofsá	Sandá	Þverá

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, gjaldkeri og ritari og að auki tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður víkur eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn meðstjórnandinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn víki eftir eitt ár og hinir eftir tvö ár.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu án skriflegs leyfis félagsstjórnar. Í leyfinu skulu koma fram upplýsingar um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Á aðalfundi gerir stjórnin grein fyrir störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Tillögur sem afgreiða skal á aðalfundi þurfa að berast skriflega til stjórnar fyrir lok janúar svo hægt sé að senda þær út með fundarboði.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 2003.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.